

Nr. 006 / 09 Sighvatur GK 57**Skipverji slasast á línuveiðum**

Skipaskr.nr. 0975
Smíðaður: Þýskalandi 1965, stál
Stærð: 260,5 brl. 435,8 bt.
Mesta lengd: 41,43 m Skráð lengd: 37,9 m
Breidd: 7,22 m Dýpt: 6,1 m
Vél: Caterpillar 626 kW, 1983
Fjöldi skipverja: 14



Sighvatur©Þorgeir Baldursson

Gögn:
Lögregluskýrsla
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 31. ágúst 2009 af Inga Tryggvasyni, Hilmarí Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 29 apríl 2009 var Sighvatur GK 57 á línuveiðum á Búrbanka. Veður: SA 16-18 m/sek.

Verið var að draga línuna þegar drátturinn stöðvaðist vegna þess að línun flæktist og dróst inn í aðfallsrör uppstokkunarlínunnar. Skipverji sem vann við uppstokkunina ætlaði að draga flækjuna til baka út úr rörinu en þá festist einn krókur í því. Hann kippti þá í svo taumurinn slitnaði og festingar hans við línuna ásamt segulnagla skullu í auga hans.

Siglt var með slasaða til hafnar þar sem honum var komið til læknis.

Við rannsókn kom fram:

- að nokkrir skipverjar unnu við að greiða úr flækjunni en við það eru krókar venjulega skornir af línunni og taldi vakthafandi stýrimaður slasaða vera reynslumesta skipverjann sem var við verkið. Hann taldi einnig að það heyrði til algerra undantekninga að krókur festist svona því þeir eru þannig beygðir.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.